

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir brennslu úrgangs í Funa og urðun úrgangs við Klofning, Ísafjarðarbæ.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir brennslu úrgangs í Funa og urðun úrgangs við Klofning, Ísafjarðarbæ, kt. 480394-2169. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2003.

*Reykjavík, 19. október 1999.*

*Hollustuvernd ríkisins,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

---

*Davíð Egilsson*  
forstöðumaður.

29. október 1999

Nr. 704

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag sumarhúsasvæðis, Heiðarbyggð í landi Ásatúns í Hrunamannahreppi.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt ofangreint skipulag. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Flúðum, 29. október 1999.*

Oddviti Hrunamannahrepps,

**Loftur Þorsteinsson.**

15. október 1999

Nr. 705

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um vörugjald af ökutækjum, nr. 254/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

3. og 4. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 1999.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. október 1999.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

---

*Bergþór Magnússon.*